

Nr. 28/1895:

Eigendur Miklagarðs og
Miklagarðskirkju
gegn
eigendum Hóla í Öxnadal.

D ó m u r :

Mál þetta var í hjeraði höfðað af stefndu, eigendum jarðarinnar Hóla í Öxnadal, gegn eigendum jarðarinnar Miklagarðs og Miklagarðskirkju út af ágreiningi um eignarrjettinn að svonefndum Hóladal eða $\frac{1}{2}$ Þverárdal, er hinir stefndu vildu eigna sinni jörð, Hólum í Öxnadal, en áfrýjendurnir telja fylgjandi Miklagarði eða vera eign kirkjunnar þar. Málið var dæmt í landamerkjadómi Eyjafjarðarsýslu 27. júní f. á., þannig, að þrætu-landið Hóladalur í Öxnadal skyldi vera eign jarðarinnar Hóla. Daglaun dómenda 66 kr. skyldu greiðast af almannaþje, þar sem Miklagarðskirkju-eigendur höfðu gjafvörn, en málskostnaður að öðru leyti falli niður. Þessum dómi hafa áfrýjendurnir skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 26. júní þ. á., og krafizt þess, að landamerkjadómurinn verði ómerkur dæmdur og stefndu dæmdir til að greiða allan kostnað málsins bæði fyrir undir- og yfirdómi með nægilegri upphæð. Hinir stefndu hafa aptur á móti krafizt þess, að dómurinn verði staðfestur og áfrýjendurnir dæmdir til að greiða þeim allan áfrýjunarkostnað með 100 kr. eða eptir mati rjettarins.

Þegar biskupsstóllinn á Hólum var lagður niður og jarðir stólsins seldar (1802), voru meðal

þeirra framangreindar jarðir, Hólar í Öxnadal og Mikligarður ásamt kirkjunni þar. Hóladalur, sem er ágreiningsefnið í máli þessu, var talinn til þess tíma heyra Miklagarðskirkju til, en jarðamatsnefndin, sem falið var að annast sölu Hólastólsjarða, lét þó, eins og fram lagðar uppboðsgjörðir sýna, bjóða dalinn upp í sambandi við Hóla, og var gjört boð í hann ásamt þeirri jörð, og það boð verður að álitast hafa verið samþykkt af konungi með konungsráskurði 2. maí 1804, þegar salan á Hólastólsjörðunum var í einu staðfest. Sala þessi á Hóladal frá Miklagarði eða kirkjunni þar undir Hóla, var jatngild sem gjörð af hinum einvalda konungi, er var sameiginlegur eigandi beggja jarðanna, hvort heldur dalurinn áður álitast hafa verið eign jarðarinnar Miklagarðs eða kirkjunnar þar sjerstaklega. Eptir að Hóladalur samkvæmt þessu var kominn undir jörðina Hóla, er ekki sannað, að nein breyting hafi orðið á eignarrjettinum að dalnum, og verður því dalurinn enn þá að teljast undir jörðina Hóla. Það verður því að staðfesta hinn áfrýjaða landamerkjadóm í öllum greinum. Málskostnað fyrir yfirdómi þykir rjett að áfrýjendur greiði hinum stefndu með 40 krónum.*

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjaði landamerkjadómur á að vera óraskaður. Málskostnað fyrir yfirdómi greiði áfrýjendurnir Þorsteinn Thorlacius og Hallgrímur Thorlacius á Öxnafeili, Jón Jóhannes-

son og Jón Ólafsson á Hleðdargarði, Ólafur Ólafsson í Melgerði og Álfheiður Thorlacius á Akureyri, eitt fyrir öll og öll fyrir eitt, hinum stefndu, Jóni Jóhannessyni í Vindheimum og Stefáni Thorarensen í Lönguhlíð með 40 — fjörutíu — krónum, er lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa undir aðför að lögum.

Nr. 36/1895:

Gestgjafi J. G. Halberg

gegn

kaupmanni M. Johannessen.

D ó m u r :

Mál þetta er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur af kaupmanni M. Johannessen gegn gestgjafa J. G. Halberg út af verzlunarskuld, er hann telur til hjá J. G. Halberg, að upphæð 211 kr. 41 e. Var málið dæmt hinn 11. júlí síðastliðinn með þeim úrslitum, að J. G. Halberg skyldi greiða M. Johannessen 211 kr. 41 e. með 5 % vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags; málskostnaður skyldi falla niður.

Þessum dómi hefur J. G. Halberg áfrýjað til landsyfirdómsins með stefnu, dags. 19. ágúst 1895, og krafist, að hinn áfrýjaði dómur verði felldur úr gildi, og hann dæmdur sýkn af kærnum og kröfum Jóhannessens í þessu máli, og Jóhannessen dæmdur til að greiða allan málskostnað fyrir báðum rjettum með nægilegri upphæð. Hins vegar